

Flestir vefhýsendur eru að nota ftp til að sýsla með skrár á vefsvæði sínu. Sumir nota Dreamweaver við vefsíðugerðina en það kerfi notar ftp til samskipta við vefsvæðið.

Uppsetning FTP aðgangs í vefhýsingunni

Það er góð regla að nota sérstakt notendanafn fyrir ftp samskiptin og forðast að nota aðal-notendanafn hýsingarinnar í þessum tilgangi. Opnið stjórnborðið (cpanel) til að stilla upp ftp aðgangi.

1. Smellið á Manage accounts undir FTP í stjórnborðinu (cpanel) og smellið þar á Add FTP Account

2. Það er ágætt að nota webmaster sem notendanafn í þessum tilgangi þ.e. sá sem uppfærir vefsíðu

Add FTP Account

Login:

Password:

Directory: /home/prufa/public_html/

Athugið að láta kerfið beina webmaster að öllu undir public_html, það er gert með því að eyða "

3. Þegar tengjast skal með Windows eða Internet Explorer er notaður eftirfarandi strengur í þessum

ftp://webmaster.prufa.vef.is:2121:spesLykilord@prufa.vef.is og athugið að setja tvípunkt á milli notend

4. Þegar tengst er með ftp kerfi eða Dreamweaver þá er notað eftirfarandi:

Slóð: prufa.vefir.net (ath. að breyta þessu í samræmi við þitt lén)

Notandi (User): webmaster.prufa.vefir.net eða webmaster@prufa.vefir.net (ath. breyta samkvæmt þessu)

Og svo lykilorðið sem þú gafst upp

Dæmi úr AceFtp (ath. að fullt User ID sést ekki á þessari mynd)



Þessar stillingar eru sambærilegar í Dreamweaver en þess má geta að best er að prófa fyrst Passiv


Breytingar á aðgangsheimildum

Þegar notað er php og önnur forritunarmál við að gera vefinn virkari þarf oft að breyta aðgangi að ýmsum skráum og möppum. Bluelagoon stjórnborðið okkar er með viðmót til að gera slíkar breytingar. Ef smelt er á skrá eða möppu í File Manager birtist listi yfir valmöguleika. Smeltt er á Permissions hlekkinn til að breyta aðgangsheimildum einstakrar möppu eða skrár.


Góðu fréttirnar eru að nota má Windows 2000 og Windows XP án nokkurra breytinga til að stjórna

Notið eftirfarandi streng með breytingum í samræmi við þitt lén í address línu Internet Explorer eða


`ftp://webmaster.prufa.vefir.net:spesLykilord@ftp.prufa.vefir.net`



Pegar slegið er á enter á ofangreindri mynd birtist svipað og eftirfarandi:



Nú er hlægt að hægismella á möppur eða skrár og fá upp sambærilegt við eftirfarandi:



Einnig má breyta aðgangsheimildum í ftp forritum eins og SmartFTP en það má fá ókeypis á eftirfarandi

<http://www.smartftp.com/>